

Umsögn um 62. mál frá nefndasviði Alþingis

frá Kennarasambandi Íslands / Félagi framhaldsskólakennara

Sálfræðiþjónusta í framhaldsskólum

til: nefndasvid@althingi.is

Félag framhaldsskólakennara (FF) fagnar framtaki Alþingis að fela mennta- og menningarmálaráðherra að sjá til þess að frá og með skólaárinu 2018–2019 verði öllum nemendum í framhaldsskólum landsins tryggt aðgengi að sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu innan veggja skólanna sér að kostnaðarlausu.

Félag framhaldsskólakennara hefur lengi hvatt til úrbóta varðandi nemendur sem standa höllum fæti og hefur eftirspurn eftir sálfræðiþjónustu farið vaxandi. Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er kveðið á um að setja hagsmuni nemenda í forgrunn hvað varðar menntun, þroska og farsæld á skólagöngu. Þó er enn óljóst um framkvæmd ýmissa ákvæða laganna sem fela í sér ávinning fyrir nemendur, svo sem um heilsuvernd, hollustuhætti og forvarnir. Mjög mikilvægt er að þessi atriði verði efnd hið fyrsta, samhliða nýjum áherslum.

Brýnt er nú sem aldrei fyrr að leggja meira af mörkum og styðja við nemendur sem eiga í erfiðleikum og/eða eru í brottfallhættu og lítur Félag framhaldsskólakennara á þetta framtak sem mikilvægt skref í þá átt, til viðbótar því stuðningskerfi sem fyrir er í skólunum. Tryggja þarf að starfsaðstæður séu fyrir hendi og að skólarnir fái fjárveitingar í samræmi við rekstrarlegan kostnaðarauka sem af þessu hlýst.

Félag framhaldsskólakennara leggur þó megináherslu á að væntanleg sálfræðiþjónusta skerði ekki það stuðningskerfi er fyrir er í skólunum. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er afar mikilvægt í innan framhaldsskólans. Meginverkefni þeirra eru að standa vörð um farsæld allra nemenda og sinna þörfum þeirra með ráðgjöf um nám, persónuleg málefni og náms- og starfsval. Einnig liðsinna þeir kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda, eru þeim til aðstoðar við skipulagningu og umsjón með nemendahópum og eiga samstarf við annað starfsfólk skóla og foreldra. Náms- og starfsráðgjáfar eru sérfræðingar í breytingum og þróun á náms- og starfsferli einstaklinga alla ævi. Það er því afar mikilvægt að draga ekki úr vægi þeirra. Félag framhaldsskóla leggur áherslu á í framhaldsskólum sé komið á heildstæðri náms- og starfsráðgjafaáætlun þar sem 300 nemendur eða færri eru að baki hverju stöðugildi.

Gengið verði til samstarfs við Sálfræðingafélag Íslands um tilhögun þjónustunnar. Félag framhaldsskólakennara gerir þó athugasemd við síðustu efnisgrein þingskjalsins og telur að einn sálfræðingur í fullu starfi ætti að hámarki að geta sinnt 300 nemendum í greiningu, ráðgjöf og meðferð. Þjónusta af þessu tagi er brýn þegar þörfin kallar og þolir enga bið.

Reykjavík, 13. mars 2018

Guðríður Arnardóttir

formaður Félags framhaldsskólakennara